

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 221/2001, um bólusetningar á Íslandi.

1. gr.

Við 2. gr. bætast þrjú nýir töluliður sem orðast svo:

9. meningókokkasjúkdómi C
10. pneumókokkasjúkdómi
11. leghálskrabbameini af völdum HPV

2. gr.

Ákvæði 3. gr. orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Bólusetningar fullorðinna.

Bólusetningum fullorðinna er ætlað að viðhalda endingu barnabólusetninga eða bæta slíka bólusetningu hafi hún ekki verið gerð á barnsaldri. Skal fullorðnum gefinn kostur á bólusetningum gegn eftirtöldum sjúkdómum:

1. Stífkrampa
2. barnaveiki
3. kíkhósta
4. lömunarveiki.

Öllum sem eru í sérstökum áhættuhópum, og sóttvarnalæknir tilgreinir, skal gefinn kostur á bólusetningum gegn pneumókokkasýkingum.

Öllum sem eru í sérstökum áhættuhópum, og sóttvarnalæknir tilgreinir, skal gefinn kostur á bólusetningum gegn árstíðabundinni influensu og er bóluefni þeim að kostnaðarlausu.

Greiðsluhlutdeild fullorðinna samkvæmt 1. og 2. mgr. skal fylgja lögum og reglugerðum um sjúkratryggingar.

3. gr.

2. málslíður 10. gr. orðast svo:

Sendi skal sóttvarnalækni tilkynningar um hver var bólusettur, með hvaða bóluefni og hvenær, samkvæmt ákvörðun sóttvarnalæknis.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 18. gr., sbr. 17. gr., sóttvarnalaga nr. 19/1997, með síðari breytingu, öðlast þegar gildi.

Velferðarráðuneytinu, 24. september 2013.

Kristján Þór Júlíusson
heilbrigðisráðherra.

Vilborg Ingólfssdóttir.